

Bráðræði

Við undirbúning að eftirliti á vettvangi voru heimildir um Bráðræði, einkum uppdrættir, skjöl og önnur söguleg gögn athuguð í því skyni að draga fram heildarmynd af uppruna og þróun byggðar á staðnum sem og að fá úr því skorið hvar bæjarstæðið og aðrar byggingar höfðu verið. Býlið var hjáleiga frá Seli og er fyrst getið í heimildum 1784, er íbúar þar voru skráðir í sálmaregistur Seltjarnarnesþings¹. Er bærinn sýndur á korti Ohlsen og Aanum 1801² og yngri uppdráttum. Þar var rekinn hefðbundinn búskapur á 19. öld og á öndverðri 20. öld jók Thor Jensen þar búskaparumsvif töluvert³. Er búskapur lagðist niður breyttist landnotkun og fram undir miðja 20. öld hafði útgerðarfélagið Dvergur t.a.m. umtalsverða starfsemi á svæðinu norðan Bráðræðis og niður að sjó.

Anna Lísa Guðmundsdóttir fornleifafræðingur hefur rannsakað heimildir um menningarlandslag á Bráðræðisholti. Hún hefur m.a. borið saman eldri uppdrætti og felst saman í eina mynd (sjá neðar). Uppdrættir frá 19. öld og öndverðri 20. öld eru dýrmætar heimildir um staðhætti og búsetu, en þeir eru gerðir af misjafnri nákvæmni og getur því verið vandasamt að ákvarða staðsetningu bústaða eða mannvirkja. Oft eru viðmið fá og bæir fluttir af upprunalegum bæjarstæðum, stofnuð ný býli eða aðrar breytingar á búsetumynstri sem örðugt getur verið að ráða í. Samsettu myndina ber því ekki að skoða sem áreiðanlegan uppdrátt, heldur er hún lögð fram sem tilgáta um líklega staðsetningu og þróun búsetulandslags frá 18. til 20. aldar.

Samkvæmt frumniðurstöðu Önnu Lísu er líklegra að Bráðræði hafi staðið sunnar en Álagrandi 6, þ.e. á lóðum nr. 2 og 4.

¹ ÞÍ. Seltjarnarnesþing / Dómkirkjan í Reykjavík - prestakall 0000-213 B-BC 3-1, ópr.

² Pr. t.d. í Einar S. Arnalds, Sögustaður við Sund, 4, s. 23.

³ Thor Jensen, Minningar II, Reykjavík, 1954-55, s. 48.



Mynd 1. Uppdrátturinn sýnir Álagranda 6 og nærliggjandi hús. Elstar eru byggingar er þar stóðu í tíni 1887 og merktar með rauðum lit, en yngri mannvirki eru merkt með gulum og bláum (Anna Lisa Guðmundsdóttir/Borgarsögusafn)⁴.

Athyglisvert er að þrátt fyrir töluverðar byggðaleifar allt í kringum gamla bæjarstaði Bráðræðis, þá virðast þær flestar hafa verið sunnan og vestan við lóðina þar sem nú er Álagrandi 6. Í úttekt Oddgeirs Isaksens á horfnum minjum í borgarlandinu er m.a. fjallað um búsetuna í Bráðræði, en sú athugun leiddi ekki í ljós minjar á lóðinni⁵.

Gert var ráð fyrir að nýbyggingin risi í norðurenda lóðarinnar, einna fjærst þeim stöðum sem bæjarkjarninn í Bráðræði hefur myndast samkvæmt tilgátunni. Ný heimildakönnun vegna framkvæmdanna leiddi heldur ekki í ljós afgerandi vísbendingar um minjar á þeim stað þar sem grafa átti fyrir húsgrunninum. Þó ber ávallt að hafa í huga að heimildir um mannvirki og menningarlandslag fyrir á öldum eru glöppóttar og gætu minjar því leynst á óvæntustu stöðum. Má vera að bærinn Bráðræði hafi verið fluttur frá þeim stað þar sem hann var byggður í upphafi, þ.e. um 1784, og jafnvel að þar hafi verið tvíbýlt um tíma. Svo sem fram kemur í erindi Minjastofnunar þá voru talin líkindi á að minjar frá byggðinni í Bráðræði gætu leynst á lóð Álagranda 6 og því rétt að hafa eftirlit með jarðraski þar.

⁴ Kortið er birt með góðfúslegu leyfi höfundar, úr óprentuðum vinnugögnum um Bráðræðisholt og því með fyrirvara um mögulegar breytingar.

⁵ Oddgeir Ísaksen, *Minjar undir malbiki. Fornleifaskráning í þéttbýli*. Ópr. MA ritgerð, HÍ 2011.

Framkvæmdaefirlit

Þann 30. júní 2017 var grafinn húsgrunnur, um 9 m langur frá SA til NV og um 5 m breiður. Var notuð vélgrafa til verksins og það unnið að höfundi þessarar skýrslu viðstöddum. Er grassvörður hafði verið fjarlægður kom í ljós dökkt, sendið og hreyft moldarlag. Undir því var óhreyfður rauðbrúnn jarðvegur, með smágrjóti og mól sem lá ofan á klöpp. Var víðast hvar ekki nema um 50 sm niður á bergið. Í norðvesturhorni vottaði fyrir aðskotajarðefni, þ.e. náttúrulegum, rauðum vikri sem virtist liggja í láréttu, samfelldu lagi undir grasrótinni. Var hann nokkuð greinilegur nyrst og vestast, en þynntist út til suðurs og var ekki merkjanlegur austanmegin í holunni. Miðað við þykktarmun frá norðri til suðurs er líklegt að hann hafi borist af lóðunum norðan við Álagranda 6.



Mynd 2. Við upphaf uppgrafter. Rauða örin vísar á vikurlag í sniði skurðarins.

Óvíst er hvernig vikurlagið er tilkomið, en rétt er halda til haga að Ísak Þorbjarnarson, íbúi við Grandaveg, skoðaði aðstæður við uppgröftinn 30. júní 2017. Hann rifjaði upp að braggar höfðu verið reistir við Bráðræðisholt og upplýsti jafnframt að rauður vikur hafi verið notaður í kringum braggana.⁶ Hefur hann líklega verið sóttur í vikurnámur í Rauðhólum. Kippkorn norðan lóðarmarka risu braggar á stríðsárunum og stóðu fram á níunda áratug síðustu aldar. Er mögulegt að vikurinn hafi verið notaður til að hafa umhverfi bragganna þurr og þokkalegt.

⁶ Ísak Þorbjarnarson (f. 1933), munnl. upplýsingar, 30.6.2017.

